

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Steinunnar Briem, prestkonu á Staðastað, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. september 1967.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Steinunnar Briem, prestkonu á Staðastað.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Steinunnar Briem, prestkonu á Staðastað, árin 1901 til 1912, fædd 10. marz 1870, dain 1. júní 1962.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Guðlaug Gísladóttir, ekkja Halldórs Eyjólfssonar, búfræðings, en þau hjón bjuggu um skeið á hluta úr Staðastað í prestskapartíð séra Vilhálms Briem og frú Steinunnar. Stofnfé er kr. 3 000.00 — þrjú þúsund krónur —.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða og skal að minnsta kosti helmingur ársvaxtanna lagður við árlega, en hinum hluta þeirra skal úthluta samkv. ákvæðum Kvenfélags Staðastaðarsóknar, eftir því sem stjórn þess álítur að komi að sem mestum notum á hverjum tíma, hvort heldur sem styrkur, verðlaun eða varið til þarfa kirkjunnar.

4. gr.

Kvenfélag Staðastaðarsóknar annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum og veitir gjöfum í hann móttöku. Hætti Kvenfélagið störfum skal afhenda Staðastaðarkirkju sjóð þennan.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. apríl 1967.

Guðlaug Gísladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingarsamþykktum.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Akureyrarkaupstað.
2. Flateyrarhrepp, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3. Hólshrepp, N-Ísafjarðarsýslu.
4. Reyðarfjarðarhrepp, S-Múlasýslu.

Byggingarsamþykktir þessar eru allar í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda, nema byggingarsamþykkt fyrir Akureyri, en þar eru liðirnir 17.1.1. til 17.1.6. í XVII. kafla felldir brott.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði tréskipa, nr. 260 11. nóvember 1947.

1. gr.

51. og 53. greinar reglnanna falla niður. Á eftir 52. gr., sem verður 51. gr., koma eftirfarandi greinar og yfirskrift. Breytist röð greinanna í reglugerðinni í samræmi við það.

2. gr.

Viður til tréskipa, þurrkun og fúavörn.

52. gr.

Efnisval.

Samkvæmt reglum þessum eru eikarskip talin þau skip, sem smíðuð eru úr eik eða beyki, enda sé val efnis, þurrkun og fúavörn, samkvæmt þessum reglum.

Innsúð er úr þurrkaðri, fúavarinni furu, nema húfsíur og bjálkasúð, sem er úr eik eða beyki. Þilfarið sé úr velþurrkaðri fúavarinni furu, eða öðru jafngildu efni að dómi skipaskoðunarstjóra.

53. gr.

Verkvöndun skipasmiða.

Skipasmiðum ber skylda til að gæta vel að efnisgæðum og að verkið sé samvirkusamlega af hendi leyst, og sé þar sérstaklega lögð áherzla á öryggi, traustleika og endingu skipsins.

54. gr.

Þurrkun viðar til tréskipa.

Öll eik og beyki til smíði og viðgerða tréskipa skal þurrkað svo, að rakainnihald þessara viðargerða sé undir 20%. Rakainnihald furu til tréskipa sé undir 12%.

55. gr.

Fúavörn viðar til tréskipa.

Allur viður til nýsmíða og viðgerða tréskipa skal að lokinni þurrkun mettaður fúavarnarefni, sem inniheldur minnst 5% pentaklorphenol eða öðru jafngildu efni, enda hljóti hvert fúavarnarefni, magn þess og aðferð til mettunar, viðurkenningu skipaskoðunarstjóra.